Aðalfundur Árborgar 19. september 2017

Tillögur

Línuívilnun

Árborg beinir því til aðalfundar LS að lögum um línuívilnun verði breytt á þann veg að allir línubátar undir 30 tonnum, sem stunda dagróðra, eigi rétt á línuívilnun óháð því hvernig línan er beitt.

Línuívilnun komi aðeins á fyrstu 4.000 þorskígildin í hverjum róðri, þannig sé stuðlað að hófsamari sókn og bættri meðferð afla.

Þung áhersla verði lögð á að vinna þessu máli framgang.

Greinagerð.

Í nútíma þjóðfélagi þykir sjálfsagt að nýta alla þá tækni sem völ er á til þess að létta sér störfin og auka gæði afla, gera veiðarnar umhverfisvænni og arðbærari. Við línuveiðar dagróðrabáta eru notaðar þrjár aðferðir við að beita línuna, handbeitning, beitning með trekt og beitningarvél. Það er mat Árborgar að engu skipti hvaða aðferð er notuð, allar uppfylli framangreint og ívilnun eigi rétt á sér í öllum tilvikum.

Óumdeilt er að línuveiðar eru umhverfisvænar og skila okkur framúrskarandi hráefni sem er eftirsótt af kröfuhörðustu kaupendum sjávarfangs um allan heim.

Veiðigjöld

Árborg krefst þess að veiðigjöld á smábáta verði lækkuð.

Strandveiðar

Árborg leggur til að strandveiðar verði heimilaðar samfellt 4 daga í viku frá maí – ágúst, aðrar reglur verði óbreyttar.

Makrílveiðar

Árborg leggur til að 16% af leyfilegum heildarafla á makríl komi í hlut færabáta. Ennfremur að reglugerð um kvótasetningu færabáta sem sett var fyrir 3 árum verði felld úr gildi og veiðar gefnar frjálsar.

Krókaaflamark – netaveiðar

Árborg leggur áherslu á að ekki verði hróflað við stjórnkerfi fiskveiða með sameiningu króka- og aflamarks. Áfram verði tvö veiðikerfi, króka- og aflamark, þar sem óheimilt verði að framselja veiðiheimildir krókaafla-marksbáta til skipa á aflamarki.

Árborg telur að vegna erfiðleika sem steðja að útgerð krókaaflamarksbáta sé óhjákvæmilegt að auk línu og handfæra verði þeim heimilt að nota þorskanet við veiðar.